

**REGLUGERÐ****um radióbaujur fyrir gúmmíbjörgunarbáta.****1. gr.**

Gúmmíbjörgunarbátar skipa, sem skyld eru að hafa slíka báta, skulu búnir bauju af viðurkenndri gerð, sem sendir frá sér neyðarmerki á tíðunum 121.5 og 243 MHz. Þó þurfa baujurnar ekki að vera fleiri en 5 um borð í sama skipi, en þar sem fjöldi gúmmíbjörgunarbáta fer fram úr 5, skulu umbúðir báta þeirra, sem búnir eru baujum, vera greinilega merktar.

**2. gr.**

Gúmmíbjörgunarbátar, sem fluttir eru inn eftir 1. júní 1980 skulu búnir radióbauju samkvæmt 1. gr. Skal slíkri bauju komið fyrir í eldri bátum við fyrstu skoðun þeirra, sem fer fram eftir ofangreindan tíma.

**3. gr.**

Brot á reglugerð þessari varðar sektum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið 1. ágúst 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

**REGLUR****um grandaraspil, öryggisbúnaði við línu og netaspil, öryggi á hringnótaskipum og radarspegla á opnum bátum.****1. gr.****Grandaraspil.**

Skuttogarar skulu búnir grandaraspilum eða öðrum búnaði jafngildum, sem kemur í veg fyrir slyshættu af toghlerum, sem hífðir eru í gálga.

**2. gr.****Öryggisbúnaður við línu og netaspil.**

Á fiskiskipi, 15 brl. og stærri, sem búin eru línuspili til línu- og/eða neta-veiða, skal settur sérstakur öryggisbúnaður, þannig gerður, að spilið stöðvist samstundis, ef maður dregst inn að spilkoppnum með veiðarfærunum.

Krefjast má að stjórnlokar slíkra spila séu þannig úr garði gerðir, að ekki þurfi að snúa handfangi þeirra úr lokunarstöðu meira en 90° til hvorrar handar, eftir því hvernig spilinu er ætlað að snúast hverju sinni.

Öll skip sem hefja línu- og/eða netaveiðar eftir 1. janúar 1980, skulu búin slíkum öryggisbúnaði sem stöðvar spilið samstundis.

Skipstjóra þessara skipa ber skylda til að sjá um, að þessi búnaður sé ávallt